

Pétur Knútsson

Heit rök og köld: tilfinningar og tautólógjur

Erindi flutt á hugvísindapingi 14 mars 2009 í málsofunni *Tilfinningar og rök í hugvísindum*


Útdráttur:

Ég mun athuga heitið og hugtakið tilfinningarök eins og það hefur verið notað bæði í samfélagslegri umræðu nútímans og í fræðilegri umræðu innan hugvísindanna, nánar tiltekið í málvísindum. Sjóndeildarhringur og fjöllin sjö munu koma við sögu, en reynt verður að draga skýrar línur milli afstæðis í rökræðu annars vegar og rökleysis, stjórnleysis og tómhyggju hins vegar. Að lokum mun ég leiða getum að því að íslenska heitið hugvísindi, sem er dálítið á skjön við samsvarandi erlend heiti eins og *humaniora* eða *the humanities*, hafi fætt af sér hugtakaheim sem tekur mið af úreltum hugmyndum um raunvísindi sem línulegt kvíslmyndað orsakakerfi.


Í neðanmálsathugasemdum eru setningar sem ég færði úr meginmálinu til að stytta erindið í 20 mínútur.

Ég bíðst afsökunar á því að ég nái að líkindum ekki að ræða um nema tæpan þriðjung þess sem ég lofaði í útdrættinum. Ýmsu sem uppá vantar fjalla ég þó um í grein sem kemur í *Skírni* nú í vor; hitt verður að bíða betri tíma.¹ Ég ætla að tala núna sem sagt eingöngu um tilfinningarök.

Ýmsum mun ef til vill finnast ég vekja upp gamlan draug afstæðishyggjunnar, en ég mun reyna að bjarga mér með hugtakanotkun úr doktorsritgerðinni minni, sér í lagi hugmyndinni um *sjóndeildarhringinn*; en ég er alveg viðbúinn því að vera skotinn í kaf af heimspekingum sem hafa löngu afgreitt þessi mál í allra fyrstu tímum í heimspekilegum forspjallsvísindum .

Hugtakinu *tilfinningarök* hefur skolað upp á fjörur mínar öðru hverju um töluvert langt skeið, oft sem viðbrögðum við ýmsum skoðunum sem ég hef viðrað við ýmis tækifæri. Á HÍ-starfi 10. desember sl. réðst ég full harkalega gegn 

**hinir helgu tautólógísku rökheimar þeirra
sem blygðunarlaust útiloka þá fleti
umræðunnar sem falla illa að eigin skoðunum**


„hin[um] helgu tautólógísku rökheim[um]“ þeirra sem „blygðunarlaust útiloka[...] þá fleti umræðunnar sem falla illa að eigin skoðunum“. Eins og mér hefur verið bent á, í fullri vinsemd og einlægni, hætti mér til að nota 

¹ Ýmist hef ég ekki sagt hér sem stóð í útdrættinum. Þar nefndi ég tvær mismundandi rökhefðir, annars vegar þá sem miðast við línuleg og kvíslmynduð orsakatengsl og hinsvegar þeirri sem vísar til heildræns upplýsingarflæðis, einhverskonar bylgjuhreyfingar. Ég ræð þessar hugmyndir betur í grein sem birtist er mér sagt í vorhefti *Skírnis* .Svo var það líka um kreppu hugvísinda. Í anda doktorsritgerðarinnar minnar hefði ég hugsað að ræða um líkindi milli orðanna *humanities* og *hugvísindi*; sem sagt ég ætlaði ekki að tala um a crisis of the humanities, heldur a crisis in the Icelandic *hugvísindi*; kreppu sem sagt í orðmyndum og merkingu sem óhjákvæmilega hefur ýmsar afleiðingar á hugtakasviðinu. En það verður einnig að bíða betri tíma.


hinir helgu tautólógísku rökheimar þeirra
sem blygðunarlaust úfiloka þá fleti
umræðunnar sem falla illa að eigin skoðunum

„alltof stór orð“

„alltof stór orð“. Gaman hefði verið að ræða hér það menningarlega misgengi sem kann að eiga sér stað milli breskrar og íslenskrar umræðuhefðar, Shakespeare á móti Hávamálum, því það kann að vera að það sem Íslendingum finnast stór orð finnist mér ekki nema meðalstór.

Ég held það var ekki síst orðið taut-ólógía sem fór fyrir brjóstið á sumum viðmælendum mínum. Ég gleymdi í hita augnabliksins að í því orði leynist íslenska orðið 



taut-ólógía

taut, en ég hef einmitt fjallað áður um þátt ritmyndar og hljóðmyndar orða í merkingu og tilvísanaseti texta. Víst er, að þótt menn viti að tautólógía hafi ekkert með taut að gera, þá er eins og hjartað viti það ekki. Þess fyrir utan notaði ég orðið tautólógía á ívið óvenjulegan hátt, til að merkja eitthvað í líkingu við það sem hefur verið kallað 




tautólógía

frumsendakerfi
axiomatic system
rökumdæmi
ekki í röktengslum við utanaðkomandi
upplýsingar

frumsendakerfi á íslensku (axiomatic system), þ.e.a.s rökumdæmi, einhverskonar hugtakapakki, þar sem röktengingar ganga allar upp innan þess; en umdæmið er lokað, einangrað, og ekki í röktengslum við utanaðkomandi upplýsingar.

Tökum dæmi um tautólógíu í þessari merkingu. Einar Már Guðmundsson ræðir í grein í Sunnudagsblaði Morgunblaðsins 22.feb.09 (24-5) um merkingu orðsins  *kjölfestufjárfestir*, sem hann segir að merki, sá sem hefur tögl og hagldir í fyrirtæki í krafti fjármagns; með öðrum orðum 

kjölfestufjárfestir
ólýðræðislegur meirihluti

ólýðræðislegur meirihluti í krafti fjármagns. Ég er sammála Einari Má í þessu, en nauðsynlegt er að líta nánar á röksemdarfærslu okkar og stöðu hennar gagnvart röksemdarfærslu þeirra sem vilja heldur tala um *kjölfestufjárfesta*.² Mig langar að gera smá tilraun sem ég vona að gangi upp innan ramma þessa erindis þótt það þurfi ekki að fara víðar, og smíða nýtt heiti fyrir  tautólógíu með því að höfða til hugtaksins  áttthagi, sem vísar til þess heims sem liggur innan sjóndeildarhrings á hverjum tíma, þannig að við sjáum ekki með neinu móti út fyrir þennan hring. Nýja orðið mitt er  rökthagi,


tautólógía
áttthagi
rökthagi

sem merkir rökræðuumdæmi sem menn sjá ekki út fyrir. Það má t.d. vel hugsa sér rökthaga eða tautólógíu þar sem innan sjóndeildarhrings þess, sé fullkomlega rökrétt og skynsamlegt að tala um kjölfestufjárfesti, það nauðsynlega bolmagn sem heldur fyrirtækinu stöðugu. En svo gerist, ef við færum okkur á annan sjónarhól í sveitinni, að það rökkennileiti sem áður hét *kjölfestufjárfestir* í gamla rökthaganum heitir nú *ólýðræðislegur fjármagnsmeirihluti* í hinum nýja, og vísar til hugtaks sem er ekki síður rökrétt og stenst allar rökfærslukröfur í nýja rökthaganum, þótt ekki í þeim gamla. Erum við þá að tala um sama fyrirbærið? Jú, kennileitið stendur óhaggað í sveitinni miðri, aðeins rökthaginn hefur breyst. Hádegisfjall er orðið að Nónfjalli. ■

Já þetta hljómar kunnuglega, og ég verð að fara varlega hér því menn verða stundum undarlega gramir þegar þeir finna lykt af póstmóðernisma. En þótt heitin *kjölfestufjárfestir* og *ólýðræðislegur fjármagnsmeirihluti* beri með sér mismunandi skilgreiningar á sama fyrirbærinu, er ekki þar með sagt að ógerningur sé að gera upp á milli. Til að skera úr um það hvort sé vænlegra, gætum við leitað að enn betri sjónarhóli í sveitinni, sem sagt víðáttumeiri rökthaga þar sem við sjáum betur yfir röklandslagið, og þá kemur e.t.v. í ljós að *fjárfesturökthaginn* sé lítill og innikróaður, en *lýðræðisrökthaginn* víðfeðmaðri og mun blómlegri. Við megum þó ekki gleyma að við séum ennþá stödd í rökthaga, með ákveðinn sjóndeildarhring sem við sjáum ekki út fyrir. Við verðum að bíða þess að góður leiðsögumaður leiði okkur upp á fjall og sýni okkur fjöllin sjö. En hversu hátt sem við

² Því að sjálfsögðu hafa bæði orðin rétt á sér *svo langt sem það nær*, eins og Geir Haarde hefur komist svo snilldarlega að orði. *Svo langt sem það nær* er reyndar býsna góð greining á hugtakinu tautólógíu

klifrum, erum við ávallt í einhverjum rökhaga: endanlegri opnun sjóndeildarhringsins náum við ekki, a.m.k. ekki á meða við stöndum tveimur fótum á jörðinni.

Eins og ég skil það, er hugtakið gagnrýnin hugsun einna best fallið til að takast á við þessa óþægilegu staðreynd, hið tautológiska, rökhagalega, ófullkomna eðli allrar rökræðu. Ég geri ráð fyrir að heimspekingar muni geta staðsett þessa afstöðu mína í kenningaflöru heimspekisögunnar, og væri mér þægð í slíkri vitneskju – mér finnst ég vera helst undir áhrifum frá Gödel og Thomas Kuhn,³ og ég afneita ekki frönsku riddurum póstrúktúralismans. -- En hvort sem þessi afstaða mín til rökræðu fellur í kramið eða ekki, þá held ég að það sé augljóst að það þurfi ekki rökleysu til að kalla fram rangar ákvarðanir. Fullyrðingin  *Við verðum að drepa þá áður en þeir drepa okkur*

Við verðum að drepa þá áður
en þeir drepa okkur

er fullkomin og rökrétt skoðun í frekar þröngum rökhaga sem virðist algengur í dag og í sögunni.⁴ Innan eins rökhaga virðast önnur rök, frá öðrum, ýmist þrengri eða víðfeðmari rökhögum, vera tilfinningarök. ■ Dæmi: unnið er núna í rústum fjármagnsheimsins, að greina ástæðurnar fyrir fjármagnshruninu og leggja drög að endurreisn á grundvelli þess rökhaga sem fæddi af sér fjármagnsheiminn. Aðrir sem líta yfir sveitina frá öðrum sjónarhólum hafa aðrar tillögur fram að færa, en frá sjónahóli fjármagnsrökhagans eru slíkar tillögur ekki studdar neinum haldbærum rökum. Vísindarök annars rökhagans eru tilfinningarök hins.

Undanfarið hefur vel hugsandi fólk nefnd tilfinningarök bæði í ræðu og riti – ég nefna Clarence Glad, Guðrúnu Þórhallsdóttur og Vilhjálmm Árnason, og vil ég reyndar síst lasta þeirra niðurstöður, sem ég er í grunni fyllilega sammála.⁵ Mér sýnist að heitið tilfinningarök hafi verið notað fyrir:



(a) rök sem eru ekki studd neinum gögnum

Nú mætti segja að órökstuddar fullyrðingar séu ekki einu sinni rök, hvað þá rökhagi. En skilgreining okkar á rökhaga felur einmitt í sér að maður skynji ekki það sem kemur að utan, því sjóndeildarhringurinn markar endamörk vitneskju manns. Fullyrðingar að utan eru rakalausar, vegna þess að rökin verða ekki skynjuð, það er eins og þau séu ekki til.



(b) rök sem eru studd óljósum gögnum byggðum á óskum, getgátum eða hindurvitnum

³ Ég þykist sjá að margt í því sem ég er að halda fram svipi að ýmsu leyti til sönnunar Gödels á ófullkomleika allra frumsendakerfa og beri um leið keim af kenningum Tómasar Kuhns um ósamrýmanleg fræðakerfi, Eins má nefna nöfn eins og David Bohm, Josephine Pasternak og etv Owen Barfield á sl. öld einnig má finna svamsvörun við hugmyndir um eðli textans sem koma frá frönsku póstrúktúralistunum. en Hægt væri vafalaust að greina þennan hugsunarhátt minn mun lengra aftur í tíma

⁴ Rökræða sem leiðir til hryllingsverka – og nóg eru dæmin – er gjarnan bendluð við tilfinningarök.

⁵ Reyndar vil ég taka fram að ég hafi ekki enn lesið nýjustu bók Vilhjálms nema gripið niður hér og þar í forvitnilega kafla, en það sem ég hef séð hingað til finnst mér harla gott.

Hér erum við byrjuð að skynja rök hins aðilans en finnst þau þó ómerkileg. Það er e.t.v. fyrsta skrefið í áttina til vænlegrar rökræðu, kviknað hefur möguleiki á að íhuga mótrökkin betur.





(c) rök sem draga taum tiltekings hóps en sést yfir mótrök annars hóps eða virða þau ekki viðlits

Tilfinningarök eru:

- a) rök sem eru ekki studd neinum gögnum
- b) rök sem eru studd óljósum gögnum byggðum á óskum, getgátum eða hindurvitnum
- c) rök sem draga taum tiltekings hóps en sést yfir mótrök annars hóps eða virða þau ekki viðlits

(c) er í reynd alveg eins og (b), nema hér teljum við okkur vera stödd í stærri rökhaga en mótaðilinn; gallinn er bara sá að ekki verður séð af þessum sjónarhóli einum hvor rökhaginn sé í reynd stærri. Aðeins ýtarleg skoðun og íhugun á báða bóga og e.t.v. utanaðkomandi hjálp og leiðsögn, getur mögulega vísað leiðina uppá fjallið á betri útsýnisstað.⁶

Lítum örstutt á hvernig þetta kemur heim og saman við notkun Guðrúnar Þórhallsdóttur á hugtakinu *tilfinningarök* í grein sinni „Karlkyn eða hvorugkyn?“ Guðrún ræðir um femíníska málstýringu í íslensku, sér í lagi þá kröfu að hvorugkyn fleirtala verði notuð í stað karlkyns eintölu þegar við verði komið.  *Sá sem trúir á mig mun lifa þótt hann deyi* verður að *Þau sem trúá á mig munu lifa þótt þau deyi*.


Nú er það svo, að ég er hjartanlega sammála Guðrúnu í þessu máli og grein hennar er eins og símfóníutónleikar í mínum eyrum. Ég líð fyrir að heyra þessar ambögur í nýju biblíunni, og ef það er eitt sem getur komið í veg fyrir að ég kjósi Vinstri græna nú í vor, þá er það að þeir kalli sig Vinstri græn, og auglýsi  *Öll velkomin meðan húsrúm leyfir* (öll dæmin tekin frá grein Guðrúnar).

Sá sem trúir á mig mun lifa þótt hann deyi
Þau sem trúá á mig munu lifa þótt þau deyi

Öll velkomin meðan húsrúm leyfir

⁶ (d) rök sem eru sett fram til bráðbirgða án þess að málið hafi verið krufið til mergjar - Og að lokum er það (d), sem er reyndar eini kosturinn sem ég gæti samþykkt sem gjaldgeng tilfinningarök. Til dæmis gætu líklega fæstir sem hlusta á mig núna samþykkt eða hafnað rökum mínum án þess að liggja yfir þeim fyrst; þó væri eðlilegt að einhver segi að sér fyndist í fljótu bragði þetta vera svolítill einföldun, eða hrein vitleysa. Sú skoðun væri að formi til rakalaus, en þar sem hún væri sett fram til bráðbirgða, bjóði hún upp á frekari rökræðu.


Guð forði oss, mætti segja, frá því að lifa á tímum mikilla málbreytinga. En því miður ætla Guð ekki að verða við þessari beiðni okkar, og ég er hræddur um að við Guðrún verðum að koma okkur uppúr þessum djúpa rökðal og virða fyrir okkur útsýnið.

Guðrún telur það tilfinningarök þegar rangar hugmyndir leikmanna um byggingu tungumálsins eru notaðar til að knýja fram óæskilegar málbreytingar sem riðla málkerfinu og hrinda af stað margvíslegum aukaverkunum sem kunna að hafa ófyrirsjáanlegar og óafturkræfar afleiðingar. Rök hennar finnast mér pottþétt. En í samræmi við það sem ég hef haldið fram í þessu erindi, þurfum við ávallt að vera á varðbergi, um leið og hugtakið *tilfinningarök* skýtur upp kollinum, gagnvart okkar eigin röksemdarfærslu. Enda held ég að þetta hljóti að vera grundvallavinnuregla í gagnrýninni hugsun. Í þessu tilfelli getum við líklega fallist á að þessar tillögur um málstýringu sé ekki hægt að gegnumfæra án þess að rýra gildi og markvæsi málsins: hvernig myndum við breyta t.d. setningu eins og  *Ef einhver hringir segðu honum þá að ég komist ekki í símann* (spyr Guðrún).

Sá sem trúir á mig mun lifa þótt hann deyi
Þau sem trú á mig munu lifa þótt þau deyi

Öll velkomin meðan húsrúm leyfir





Ef einhver hringir segðu honum þá að ég
komist ekki í símann

En tókum mið af stærra samhengi. Öll tungumál breytast vegna kerfisbundinnar þróunar innbyrðis, svokallaðar intrinsískar eða málfræðilegar breytingar. En þau taka einnig breytingum vegna þrýstings frá samfélaginu, extrinsískum eða utanaðkomandi breytingum, og gildir einu þótt þær stafi af einhæfum og misráðnum hugmyndum um rétt og rangt mál á hverjum tíma.^{7 8} Oftast eiga þó bæði málfræðilegar og samfélagslegar breytingar hlut að máli, og getur sambandið milli þeirra og samverkan þeirra verið ærið flókin. Á okkar málsvæði virðast breytingar á sambandi milli málfræðilegs og náttúrulegs kyns oftast hafa verið af þessu tæi. Fræðimenn hafa leitt líkum að því að kvenkynsbeygingar hafi fyrst orðið til á einhverju forstigi indóevrópskunnar, og hefur það verið geysiróttæk breyting, sem líklega endurspeglar miklar samfélagbreytingar á borð við upphaf karlasamfélagsins, sem hefur haldið velli síðan. Einhverjum kann að hafa fundist það miður á sínum tíma, og víst er að svona stór breyting hefur reynt á þanþol málkerfisins, sem þurfti að smíða ný fornöfn. Svipað gerðist í ensku á miðöldum, þegar innbyrðis framburðarbreytingar leiddu til þess að fornensku fornöfnin  *hé* (hann), *héo* (hún), og *hý* (þeir/þær/þau) féllu saman eða urðu óþægilega hljómlík.

⁷ William Labov kallar þetta internal factors og social factors.

⁸ Innbyrðis breytingar ganga alla jafna fyrir sér án þess að málnotendur verði þeirra sérstaklega varir, en utanaðkomandi breytingar eru oft meðvitaðar.

hé	(hann)	> he	
héo	(hún)	> he	she
hý	(þeir/þær/þau)	> he	they

Vandamálið var leyst með því að orðið  *she* varð til, sumir segja uppúr þurru, en deilt er um uppruna þess. Fleirtölumyndina  *they* var fengið að láni úr norrænu, sem var þá víða töluð á Englandi. – Skömmu síðar, eða ekki seinna en 1500, leystist vandamálið sem Guðrún tilfærir í nútímaíslensku:  *Ef einhver hringir segðu honum þá að ég komist ekki í símann.* Engendingar fóru að segja  *If anyone rings, tell them I can't come to the phone* – málfar sem hefur verið fordæmt af misvitrum og sjálfskipuðum málfræðingum síðan á 18. öld og er aðeins núna að byrja að vinna sér þegnrétt í rituðu máli, líklega með dyggri aðstoð femínískra málstýringarmanna.^{9 10}

hé	(hann)	> he	
héo	(hún)	> he	she
hý	(þeir/þær/þau)	> he	they

Ef einhver hringir segðu **honum** þá að ég komist ekki í símann

If anyone rings, tell **them** I can't come to the phone (them = him or her)

Ég er náttúrulega hér ekki að segja neitt sem kemur Guðrúnu á óvart, enda þekkir hún þetta efni betur en ég. Hér væri þó hægt að höfða til einhverskonar tilfinningaraka til að útskýra þróunina: bæði að því leytinu til, að tilfinningar manna hafi líklega átt hlut að máli, en einnig vegna þess að þessar breytingar eru sambærilegar þeim sem Guðrún ræðir um á íslensku, og mjög líklegt að menn hafi skeggrætt þær á sínum tíma út frá sínum mismunandi rökhögum.

Nú virðist sem í þessu spjalli hafi ég því hagað mér svolítið eins og Ragnar Reykás og snúist gegn skoðunum Guðrúnar. Sú breyting sem nú virðist eiga sér stað í málinu, sem sagt það að samkynshlutverkið færir frá karlkyni yfir á hvorugkynið, er á margan hátt ósköp venjuleg málsögubreyting, og reyndar ekki svo ýkja vitlaus, því í margar árpúsundir hefur karlkynið haft tvíbent hlutverk, bæði sem karlkyn og samkyn; en með þessari breytingu fær það hreint kynhlutverk, eins og kvenkynið hefur löngum haft. En í hjarta mínu, en hjartað er víst sæti tilfinningaraka, þoli ég ekki þetta taut: ég þoli ekki málstýringu. Ég er hræddur um að rökin mín fyrir því séu í raun tilfinningarlegs eðlis – eða hvað?

Pétur Knútsson

⁹ enska hefur orðið sérlega illa fyrir barðinu á illa upplýstum málstýringaruppskafningum, sem hafa til dæmis neytt ruglað okkur með fölskum orðaskýringum og hæpnum stafsetningarreglum, skrumskælt framburðinn og látið okkur halda að tvær neitanir í einni setningu gefi jákvæða merkingu

¹⁰ Hér sést að það er mikill mismunur eftir því hvor málbreytingarfara fram á tímum þegar hugmyndir um “rett” og “rangt” mál séu uppi í samfélaginu (frá 18. öld fram að okkar daga), eða ekki (fyrir þann tíma).